


Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. desember 2013  
Tilvísun: UST20131100208/bs

### Hringvegur (1). Brú yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði í Skútustaðahreppi og Norðurþingi - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða byggingu nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum og lagningu nýs vegar að brúnni sem verður 2,6 km langur. Efnispörf í veg og brú er rúmlega 100.000 m<sup>3</sup>. Efnid verður að stærstum hluta tekið úr námum.


Landslag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er lýst á eftirfarandi hátt í tilkynningarskýrslu: „Fyrirhugað framkvæmdasvæði er fremur grátt og nakið. Vestan Jökulsár eru grýttir melar og sandar en austan árinna eru sandar sem smám saman eru að gróa upp.“ Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru víða ummerki um efnistöku og mannvirkjagerð.

Vegna friðunar lands fyrir sauðfjárbreit og vegna uppgræðslu er land að gróa upp beggja megin árinna. Umhverfisstofnun telur að við uppgræðslu framkvæmdasvæðisins eigi að gæta þess að rækta ekki gróskumeiri gróður en þann sem er í næsta nágrenni. Umhverfisstofnun vill benda á námur í Búrfellshrauni sem dæmi um viðhorf til uppgræðslu sem Umhverfisstofnun telur ekki til fyrirmynda.

Umhverfisstofnun telur að helstu sjónrænu áhrif framkvæmdarinnar að brúnni frátalinni gæti falist í sjónrænum áhrifum vegna grjótnáms í námu B. Ráðgert er að vinna námuna nokkuð djúpt og því ætti að leggja áherslu á við gerð efnistökuáætlunar að tryggja að náman verði mótuð við efnistöku þannig að svæðið falli sem best að landi að framkvæmd lokinni. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur